



ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi
Erindi nr. P 128/1698
komudagur 13. 3. 2003

Nefndarsvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafirði, 11. mars 2003
Tilvísun: 2003020022
HH/PP

Efni: Tillaga til þingsályktunar um miðstöð atferlis- og eldisrannsóknna á þorski á Vestfjörðum.

Með tilvísun til bréfs yðar dagsettu 5. febrúar s.l., varðandi umsögn sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um miðstöð atferlis- og eldisrannsóknna á þorski á Vestfjörðum, var svohljóðandi umsögn samþykkt í bæjarráði Ísafjarðarbæjar þann 10. mars 2003.

„Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fagnar framkominni þingsályktunartillögu um miðstöð atferlis- og eldisrannsóknna á þorski á Vestfjörðum. Tillagan er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að byggja Ísafjörð upp sem einn þriggja byggðakjarna landsbyggðarinnar. Bæjarráð leggur áherslu á að Alþingi afgreiði þingsályktunartillöguna á yfirstandandi þingi og geri ráð fyrir nauðsynlegu fjármagni svo hægt sé að koma verkefninu sem fyrst í framkvæmd.“

Virðingarfyllst

Halldór Halldórsson

- bæjarstjóri -